

- 15 innlenda bústofni, sem með því hefur gengið, flytja sæði úr því til lands. Skal það
8. marz gert eftir þeim varúðarreglum, er yfirdýralæknir setur, og af þeim mönnum, er hann samþykkir.

11. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum til ríkissjóðs, 1000—20000 kr., og stöðumissi, ef sjúkdómur berst til lands vegna vanrækslu ábyrgra aðila, ef ekki liggur þyngri refsing við að lögum.

12. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 27 8. sept. 1931, lög nr. 45 19. júní 1933, lög nr. 9 25. jan. 1934 og lög nr. 16 28. maí 1941.

Gjört í Reykjavík, 8. marz 1948.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Bjarni Ásgeirsson.

16

8. marz

L Ö G

um smíði tveggja þilfara togara í tilraunaskyni.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta smíða í tilraunaskyni einn tveggja þilfara diesel-togara með öllum nýtísku vélum og útbúnaði til fullkominnar hagnýtingar á fiski og vinnuafli, þannig að hirða megi allan afla, hverju nafni sem nefnist, og breyta honum jafnóðum í skipinu í sem verðmætasta vöru með sem minnstum framleiðslukostnaði.

Skal tæknilegur undirbúningur hafinn nú þegar og honum lokið fyrir árslok 1948.

2. gr.

Til framkvæmda samkvæmt 1. gr. þessara laga heimilast ríkisstjórninni að taka allt að 4 milljóna króna lán fyrir hönd ríkissjóðs.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 8. marz 1948.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann P. Jósefsson.